



Sjálfbærnistefna Símans

Tilgangur

Síminn er leiðandi fyrirtæki á sviði fjarskipta, fjártækni og miðlunar á Íslandi. Sjálfbærnistefnan er skuldbinding Símans um að sýna samfélagi, auðlindum og umhverfinu virðingu. Tilgangur stefnunnar er að vera vegvísir að sjálfbærari rekstri með því að lágmarka áhættur sem tengjast sjálfbærni. Við teljum það ábyrgð okkar að starfsemi fyrirtækisins og þjónusta skili sér í sem mestum ávinningi fyrir starfsfólk, viðskiptavinum, umhverfið og samfélagið allt. Við leitumst við að lágmarka neikvæð áhrif sem af starfsemi okkar hlýst og setjum okkur skýr markmið. Síminn mun tryggja að markmið séu mælanleg, væntingar til árangurs í sjálfbærni séu skýrar fyrir starfsfólki Símans, viðskiptavinum, birgjum, hluthöfum og öðrum hagsmunaaðilum.

Mikilvægur þáttur í sjálfbærnistefnu félagsins er að miðla upplýsingum um þætti í starfseminni sem tengjast sjálfbærni og munum við birta árlegt sjálfbærniuppgjör í samræmi við gildandi lög á hverjum tíma.

Stefna þessi er yfirlit yfir þá þætti sjálfbærni sem við setjum í forgang í grunnstarfsemi okkar og byggir á viðmiðum Nasdaq um umhverfi, félagslega þætti og stjórnarhætti (UFS).

Hlutverk og ábyrgð

Stjórn Símans ber ábyrgð á að samþykkja stefnu þessa. Forstjóri ber ábyrgð á að stefnunni fylgi aðgerðaráætlun og að árleg sjálfbærnisráðgjafar um árangur Símans í átt að aukinni sjálfbærni sé gerð og birt opinberlega.

Framkvæmdastjórn Símans ber ábyrgð á innleiðingu stefnunnar í daglegum rekstri og ber að tryggja að árangur náist í samræmi við aðgerðaráætlun.

Umhverfi

Fyrirtæki gegna mikilvægu hlutverki þegar kemur að umhverfismálum og er Síminn þar enginn undantekning. Síminn hefur skilgreint tvo meginþætti í umhverfismálum sem tengjast starfsemi félagsins, þ.e. virðiskeðjuáhrif og notkun náttúruauðlinda. Síminn ætlar sér að lágmarka umhverfisáhrif af starfsemi félagsins og hefur innleitt umhverfisstjórnunarkerfi þar sem betri yfirsýn næst yfir kolefnisfótspor Símans.

Skuldbindingar í umhverfispáttum:

- **Loftslagsbreytingar:** Samfélaginu stafar ógn af loftslagsbreytingum og því ætlar Síminn að skoða losun gróðurhúsalofttegunda í allri sinni starfsemi, þar á meðal frá bifreiðum, orku og gagnanotkun. Við stefnum á að nýta endurnýjanlega orkugjafa í rekstri okkar, þar sem kostur er. Við munum fylgjast með og greina losun gróðurhúsalofttegunda í okkar rekstri og höfum sett okkur skýr markmið um að draga úr losun frá ári til árs.



- **Umhverfisvæn aðfangakeðja:** Til þess að stýra umhverfisáhrifum í aðfangakeðju sinni og lágmarka ágang á náttúruauðlindir hefur starfar Síminn eftir innkaupastefnu sem tekur mið af áherslum félagsins í sjálfbærni.
- **Hringrásarhagkerfið:** Síminn hefur endingu líftíma eigna sinna og seldrar þjónustu í huga. Síminn vinnur að því að lengja líftíma vara með því að auka endurnýtingu og endurvinnslu á raf- og rafeindabúnaði þar sem því er viðkomið, þar með talið tækjum viðskiptavina. Þannig ætlar Síminn að stuðla að virku hringrásahagkerfi.

Félagslegir þættir

Í þeirri stafrænu umbreytingu sem samfélagið er að ganga í gegnum liggja tækifæri fyrir Símann að vera hreyfiafl til góðra verka. Þannig viljum við stuðla að auknum fjölbreytileika og betri þjálfun vinnuafls, tryggja heilsu, vellíðan og aukin lífsgæði bæði innan og utan Símans. Auk þess leggjum við áherslu á sanngjarna aðfangakeðju.

Skuldbindingar í félagslegum þáttum:

- **Jafnrétti og fjölbreytileiki:** Síminn vinnur eftir skýrri mannauðs-, jafnlauna- og mannréttindastefnu. Í því felst að unnið er að því að hlutfall eins kyns fari ekki yfir 60% í stjórnendateymi félagsins, að fyllsta jafnréttis sé gætt á milli kynja við launaákvörðanir og unnið sé að auknum fjölbreytileika í öllum teymum og skipulagseiningum Símans. Lögð er áhersla á allt starfsfólk hafi jafna möguleika til starfsþróunar, njóti sömu tækifæra til sí- og endurmenntunar jafnt innan sem og utan Símans til að auka færni sína, einkum á sviði stafrænnar tækni.
- **Heilsa og vellíðan:** Síminn býður upp á fjölskylduvænt vinnuumhverfi og leggur mikla áherslu á jafnvægi milli vinnu og einkalífs. Síminn vill stuðla að góðri líkamlegri og andlegri heilsu starfsfólks og býður starfsfólki uppá velferðarþakka sem felur í sér faglega velferðarþjónustu. Áhersla er lögð á að starfsumhverfið sé öruggt og er tekin skýr afstaða gegn hverskonar mismunun eða einelti á vinnustað og erum við með stefnu og aðgerðaráætlun gegn einelti, kynferðislegu og kynbundnu áreitni og ofbeldi (EKKO).
- **Sanngjörn aðfangakeðja:** Þau aðföng sem Síminn þarfnast í starfsemi sinni er hluti af alþjóðlegri keðju sem felur í sér hættu á félagslegri rányrkju. Síminn vill tryggja að aðföng séu framleidd af félagslegri sanngirni og af ábyrgð gagnvart samfélaginu. Þannig mun Síminn eiga virkt samtal við helstu birgja og skoða verklag þeirra í samhengi við settar siðareglur Símans.
- **Samskipti við nærsamfélagið:** Síminn vill vera virkur þáttakandi í samfélaginu og hafa jákvæð áhrif. Við munum leggja áherslu á að efla samstarf við nærsamfélög og styðja við verkefni sem hafa jákvæð áhrif á umhverfið og samfélagið. Þannig mun Síminn leggja sérstaka áherslu á kynjajafnrétti í viðum skilningi og netöryggi ásamt því að tryggja áreiðanleg og hnökralaus fjarskipti á neyðartímum.
- **Íslenskt mál og tækni:** Síminn er eitt elsta fyrirtæki á Íslandi, starfar á sviði tækni og miðlunar og á auk þess samtöl og samskipti við tugþúsundir landsmanna í hverjum



mánuði. Íslenska er hjartans mál Símans og félagið vinnur með vísindasamfélaginu, stjórnvöldum, starfsfólki og viðskiptavinum að því að hægt sé að eiga samskipti við tæki á íslensku. Markmiðið er að nýta máltækni svo íslensk börn geti notað móðurmál sitt við að beisla tæknina.

Stjórnarhættir og hagsæld

Síminn trúir því að góð forysta og stjórnarhættir, einkum er varðar netöryggi, siðferði og yfirsýn stjórnenda sé lykilinn að sjálfbærum og farsælum rekstri.

Skuldbindingar í stjórnarháttum og hagsæld

- **Netöryggi:** Netöryggi er órjúfanlegur þáttur í starfsemi Símans og við teljum að vernd gagna og persónuupplýsinga eigi alltaf að vera í fyrirrúmi. Síminn mun því halda áfram að tryggja vernd netkerfa sinna, vara og persónuupplýsinga. Þetta gerum við með því að fræða starfsfólk okkar sérstaklega um gagnaöryggi og tryggja að kerfi okkar uppfylli hæstu gæðakröfur.
- **Viðskiptasiðferði:** Síminn mun tryggja að starfsfólk og samstarfsaðilar vinni í samræmi við meginreglur og gildi sem koma fram í siðareglum félagsins. Allt starfsfólk Símans undirgengst siðareglur félagsins við ráðningu með undirritun ráðningasamnings og meðfylgjandi siðareglna. Síminn leggur janframt áherslu á byggja upp traust samband við birgja. Hafa sérstakar siðareglur birgja verið gefnar út sem lýsa helstu væntingum félagsins til birgja sinna. Síminn mun einnig innleiða birgjamat til að stuðla að því birgjar fyrirtækisins fylgi siðareglum og að virðisikeðjan sé í samræmi við ábyrg og siðferðisleg viðmið.
- **Stjórnarhættir:** Síminn starfar í samræmi við lög sem um starfsemina gilda og „Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja“, sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq. Stjórn mun reglulega fjalla um og fara yfir árangur Símans á sviði sjálfbærni.

Með góðum stjórnarháttum leggur Síminn grunn að traustum samskiptum við hagaðila og stuðlar að hlutlægni, gegnsæi og ábyrgð í stjórnun. Helstu hagaðilar eru:

- Hluthafar
 - Starfsfólk
 - Viðskiptavinir
 - Birgjar og þjónustuaðilar
 - Eftirlitsaðilar og löggjafavald
- **Skýrslugjöf og samskipti við hagaðila:** Síminn leggur áherslu á að viðhalda góðum samskiptum við lykil haghafa með opnum samtölum um þróun, tækifæri og sjálfbærnitengdar áhættur. Síminn mun árlega gefa út sjálfbærnisráðgjöf og birta á vefsíðu sinni og mun fylgja gildandi lögum og leiðbeiningum í þeirri skýrslugjöf.
 - Viðmið og leiðbeiningar



- Evróputilskipun (CSRD) sem snýr að sjálfbærniupplýsingagjöf stórra og/eða skráðra fyrirtækja sem kemur í stað núverandi krafna í lögum um ársreikninga um ófjárhagslega upplýsingagjöf (3/2006 66. gr. d).
- ESRS sjálfbærnistaðall.
- Tvöföld mikilvægisgreining (e. Double Materiality) ESRS staðals Evrópusambandsins.
- Leiðbeiningar Viðskiptaráðs, Nasdaq OMX Iceland og Samtaka atvinnulífsins um stjórnarhætti fyrirtækja og leiðbeiningar Nasdaq OMX Iceland um samfélagsábyrgð.
- Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Gagnsæi

Stefna þessi var samþykkt af stjórn Símans 24. September 2024 og skal endurskoðuð á þriggja ára fresti og oftár ef þörf krefur. Stefnan skal birt á vefsíðu Símans.